



2. tbl. 13. arg.

Fréttabréf Íbuasamtaka Kjalarness

21. mars 2013

Biskup Íslands vísiterar á Kjalarnesi og í Kjós

Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir mun vísitera Brautarholtssöfnuð og Reynivallasókn á pálmásunnudag þann 24. mars nk. Vísitasían hefst með helgistund kl. 11:00 í Brautarholtskirkju. Í lok helgistundar bíður biskup upp á samtal við söfnuðinn þar sem kirkjugestum gefst kostur á að ræða hvaðeina sem tengist trú og trúarlífi okkar. Sérstaklega hvetjum við fermingarbörn og fjölskyldur þeirra til að koma til kirkju. Þetta er kærkomið tækifæri þar sem allir eru hjartanlega velkomnir.

Ávarp biskups í tilefni vísitasíu.

Næstu vikur mun ég vísitera, heimsækja, söfnuði Kjalarnesprófastsdæmis. Söfnuðirnir eru í þéttbýli og dreifbýli, sjávarplássum og landbúnaðarsvæðum. Aðstæður eru því misjafnar og safnaðarstarfið hlýtur að mótast af því að hluta.

Biskup Íslands er fulltrúi Þjóðkirkjunnar og heimsækir ekki aðeins þá staði er safnaðarstarfið fer fram á, þ.e. kirkjur og safnaðarheimili, heldur kynnir sér mannlífið í söfnuðinum. Fer til fólksins, heimsækir skóla, öldrunarheimili, vinnustaði og aðra þá staði er sóknarbornin dvelja á og vinna. Það er



hlutverk biskups að uppörva þau er starfa í kirkjunni, minna á trú hinnar evangelísku lútersku kirkju og efla og varðveita einingu kirkjunnar.

Með vísitasíunni vil ég, sem biskup, mæta fólki þar sem það er statt og minna á þjónustu kirkjunnar í nærumhverfinu. Benda á kærleika Guðs sem á að endurspeglast í þjónustu og boðun kirkjunnar og umgengni við náungann.

Ég hlakka til samfundanna og helgihaldsins og bið Kjalnesingum blessunar Guðs í lífi og starfi.

Dagskrá vísitasíu biskups sr. Agnesar M. Sigurðardóttur í Reynivallaprestakalli á Pálmásunnudag.

Sunnudagurinn 24. mars kl 11:00

Brautarholtskirkja

Helgistund með upplestri bæn og tónlist.

Sr. Gunnar Kristjánsson segir frá kirkjustarfinu

Biskup Íslands ávarpar söfnuðinn og tekur þátt í samtali við söfnuðinn.

Allir eru hjartanlega velkomnir til að taka þátt í þessari helgistund í Brautarholtskirkju.



Sunnudagurinn 24. mars kl 14:00

Reynivallakirkja

Almenn guðsþjónusta með þátttöku biskups Íslands.

Að lokinni guðsþjónustu verður kirkjukaffi þar sem frú Agnes M. Sigurðardóttir mun ávarpa gesti og eiga samtal við þá.

Allir eru hjartanlega velkomnir í guðsþjónustuna í Reynivallakirkju og í kirkjukaffið að því loknu.



Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness

Vinningsnúmer í mars 2013:

1279

Vinningur í mars er fjölskylduspil.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Mars vinning þarf því að sækja fyrir lok júní 2013.

Vinningsnúmer í febrúar 2013:

136

Vinningur í febrúar var fjölskyldumáltíð í boði Nings.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Febrúar vinning þarf því að sækja fyrir lok maí 2013.

Kjalnesingur

Áætlaður útgáfutími næsta fréttabréfs Kjalnesings í 15 viku sem er um miðjan apríl.

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Í apríl blaðinu verður rafrænum kosningum um hverfapottinn gerð góð skil. Við fylgjumst áfram með vinnunni við Grænt Kjalarnes og þá verður einnig eitthvað að fréttu af móltoverkefni.

Undirbúningur fyrir Kjalarnesdaga sem verða í lok júní er að hefjast og leitað er eftir áhugasömum aðilum í undirbúning.

Það eru mörg spennandi verkefni framundan og gaman væri ef fleiri hefðu tök á að leggja lið í þessari vinnu.



Prjónakaffi

Prjónakaffið er alltaf jafn vinsælt og verður það fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði kl. 20-22 í Fólkvangi.

Næstu prjónakaffi:

7. febrúar prjónakaffi
21. febrúar prjónakaffi

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir eru í Fólkvangi kl. 20:00 annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Félagsstarf 60 ára og eldri

Munið fundina á fimmtudögum milli kl. 15-17 í Fólkvangi.

Alltaf heitt á könnunni!

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg s: 695 1352.

Póstlistinn "á döfinni"

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn "á döfinni" frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur "póstlisti" verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Sögufélagið Steini – starfsár 2012 – 2013

Það sem helst hefur drifið á daga Sögufélagsins frá síðasta aðalfundi þess þann 29. febrúar 2012.

Helst er það að í apríl sl. voru sett upp tvö sögu- og upplýsingaskilti sem stjórn Sögufélagsins hafði unnið að veturinn áður. Annað skiltið kom á Klébergið og er það um sögu skólans og aðra þjónustu á svæðinu ásamt panoramamynd sem nær frá Búa að Gróttu. Við Olís verslunina við Vesturlandsveg var sett upp skilti um helstu sögustaði á Kjalarnesi.

Í maí var haldin ljósmyndasýning í Fólkvangi í samstarfi við Kjósarstofu og Þjóðminjasafnið. Þar voru sýndar áratuga gamlar myndir af Kjalarnesi og úr Kjós. Þær eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Þar voru m.a. myndir eftir Þorstein Jósepsson sem tók hér margar fallegar myndir á árum áður, t.d. myndir af „síðasta bænum í dalnum“, þ.e. Ártúni. Margar myndir hans prýða bókina um Kjalnesinga. Leikurinn fólst í því að auðkenna myndirnar, þ.e. að nafngreina menn og staðsetningar. Það gekk vel og var vel sótt. Kvenfélagið var með kaffiveitingar.

Upplýsingaskilti á Kjalarnesi fengu brautargengi í rafrænni kosningu meðal íbúa í verkefninu Betri Reykjavík. Sögufélagið Steini tók að sér að vinna efni á skiltin og vera í samskiptum við Reykjavíkurborg og hönnuð skiltanna um framkvæmdina. Mikil vinna var lögð í efnisöflun og framsetningu þess, einkum af formanni og gjaldkera félagsins. Unnið var efni á skilti um Kjalnesingasögu sem mun standa á Klébergi og á skilti um náttúrufar sem verður við útsýnisstað fyrir neðan Sjávarhóla. Vinnu við skiltin tvö er svo til lokið og standa vonir til að eitt skilti til viðbótar verði unnið á þessu ári fáist til þess fé.

Í lok júní síðastliðinn voru Kjalnesingadagar haldnir sem endranær. Messu að Esjubergi var frestað sökum þess að vígsla nýs biskups bar upp á sama sunnudag og menningardagskrá Sögufélagsins var haldin. Sögufélagið sá um kaffiveitingar. Haldnir voru tveir fyrirlestrar. Ómar Smári Ármannsson fornleifafræðingur sagði okkur frá seljabúskap á Kjalarnesi, m.a. í Blikdal þar sem hann hefur stundað rannsóknir á þeim gömlu fjárseljum sem tilheyrðu Saurbæ og Brautarholti fyrr á tíð. Sel var tímabundinn nytjastaður frá tilteknum bæ, venjulega í upplandinu. Seljatíminn á þessu svæði var venjulega frá 6. til 16. viku sumars og var þá búpeningurinn fluttur upp í selið, fært frá og unnin matvara úr mjólkinni. Það mun hafa verið a.m.k. átta selstöður frá Brautarholti og Saurbæ í Blikdal. Þar eru seljarústir enn greinilegar. Í sumum tilvikum má leiða að því líkur að heiðarbærir hafi byggst upp úr eldri selstöðum t.d. í Stardal. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur sagði okkur frá síðum tengdum Jónsmessuhaldi en svo vildi til að þennan dag bar upp á Jónsmessu. Jónsmessan dregur nafn sitt af Jóhannesi skírara. Hátíðahöld um þennan bjartasta tíma ársins eiga sér þó mun eldri sögu en kristin trú. Þetta er ævaforð alþýðuhátíð sem tengist því að sumarsólstöður eru um þetta leyti og dagurinn lengstur. Henni tengist ýmis forn átrúnaður. Sem dæmi má nefna að

þá á að vera hægt að tína svonefnt draumagras. Það skal vökva í helguðu messuvíni, síðan lagt í nýdauðs manns leiði og láta vera þar í þrjár nætur. Síðan skal taka grasið úr moldinni og láta það liggja inni í Biblíunni hjá 63. Davíðssálmur aðrar þrjár nætur. Síðan skal geyma grasið í hveiti og hvítum dúk og leggja það undir hægri vanga. Þá mun menn dreyma það sem þeim langar að vita, til dæmis verðandi maka sinn.

Sögufélagið fór í tvær gönguferðir á sl. ári. Síðastliðið haust var haldið inn Blikdalinn í leit að seljarústum. Veður var gott og sól skein í heiði. Ekki tókst að fara alla leið að seljunum í þetta sinn en helst bar til tíðinda að Sögufélagsmenn björguðu afvelta lambi frá bráðum bana. Í nóvember sl. klifu Sögufélagsmenn Kvensöðlana, einnig í blöðskaparveðri. Í sömu ferð heimsóttu Sögufélagsmenn hinn merka Gvendarbrunn sem er á hinum gömlu jarðamörkum Esjubergs og Skrauthóla. Gvendarbrunnar eru víðar á landinu og nafn þeirra tengt Guðmundi góða Arasyni biskupi á Hólum (1161-1237) en sagt er að hann hafi farið um landið og vígt brunna sem eftir það voru taldir hinar bestu heilsulindir. En ýmis kraftaverk voru tengd þessum ágæta biskupi.

Sögufélaginu barst nýverið vegleg gjöf frá Theodóri gjaldkera félagsins og fjölskyldu hans. Það er mynd af vanadísinni Freyju og köttum hennar sem hin unga og efnilega listakona Friða Theodórsdóttir teiknaði af sinni alkunnu snilld. Myndin hangir í salnum í Fólkvangi en samkvæmt norrænu goðafræðinni var Fólkvangur heimili Freyju. Sögufélagið þakkar Theodóri, Friðu og fjölskyldu kærlega fyrir gjöfina.



Munið viðtalstíma hverfisráðsins

í Fólkvangi milli kl. 18 og 19. fyrsta fimmtudag í mánuði.

Frá hverfisráði Kjalarness

Eins og áður hefur komið fram í Kjalnesingi hafði hverfisráðið frumkvæði að því að farið var í hugmyndavinnu og stefnumörkun fyrir Kjalarnes undir merkjum **Græns Kjalarness** í byrjun árs. Eftir tvo vinnufundi og einn samráðsfund með fulltrúum félagasamtaka skráðu þátttakendur sig í þrjá starfshópa sem þegar hafa hafið vinnu. Starfshóparnir eru skipaður eftirtöldum aðilum:

Stýrihópur

Ásgeir Harðarson	Íbúasamtök
Guðni A. Indriðason	Próunarfélag
Hrönn Pétursdóttir	"Formaður" 2013
Ólafur Zoega	Próunarfélag
Sigríður Pétursdóttir	Hverfisráð

Verkefnahópur um byggðapróun, samgöngur og atvinnulíf

Eldey Huld Jónsdóttir	Hverfisráð
Jarprúður Þórarinsdóttir	Hestamenn
Ólafur Ásmundsson	Próunarfélag
Ólafur Zoega	Próunarfélag
Guðlaug H. Kristjánsdóttir	Sögufélag

Verkefnahópur um umhverfi, úrgang og frístundamál

Ásgeir Harðarson	Íbúasamtök
Baldvin Þór Grétarsson	Skógræktarfélag
Guðfinna Ármannsdóttir	Íbúasamtök
Hrefna S. Björnsdóttir	Sögufélag/Skógræktarfélag
Jóhanna Sigurðardóttir	Skógræktarfélag
Ólafur Zoega	Próunarfélag
Sigríður Pétursdóttir	Hverfisráð
Valgerður Þorbjörnsdóttir	Hestamenn

Verkefnahópurinn um umhverfi, úrgang og frístundamál hefur haldið tvo fundi. Athyglinni var í byrjun beint að gömlu póstmannaleiðinni í Esjuhlíðum og Græna treflinum á sama svæði. Græni trefillinn er svæði sem hugmyndin er að muni umlykja höfuðborgarsvæðið og verði gróíð svæði með trjáplöntum til skjóls og jafnframt útivistarsvæði. Græni trefillinn er á samþykktu aðalskipulagi fyrir Kjalarnes. Það sem oft hefur verið nefnt sem hindrun í að hefjast handa við gróðursetningu

á svæði Græna treffilsins á Kjalarnesi er að eignarhald á svæðinu er fremur flókið og þurfa margir að samþykka gróðursetningu. Haldinn var fundur með starfsmönnum Reykjavíkurborgar, m.a. garðyrkjustjóra borgarinnar, og er verkefnið þegar komið í ákveðinn farveg. Gert er ráð fyrir að



Skógræktarfélag Kjalarness verði það félag á Kjalarnesi sem muni hafa forystu um gróðursetninguna og að fá Kjalnesinga til þátttöku. Gaman væri ef Kjalnesingar á öllum aldri myndu taka þátt í verkefninu, hugsanlega með þátttöku skólanna.

Verkefnahópurinn um byggðamál, atvinnuþróun og samgöngur hefur haldið einn fund. Þar var m.a. Atvinnustefna Kjalarness til umfjöllunar en drög að henni voru samin af próunarfélagi Kjalnesinga. Stefnir hópurinn að því að halda vinnufund um Atvinnustefnuna á næstunni. Annað sem hópurinn vinnur að er hugmyndavinnna varðandi ferðaþjónustu, umhverfis- og sögusetur, fleiri atvinnulóðir, heildstætt útivistarskipulag og bætt umferðaröryggi svo eitt- hvað sé nefnt.

Fundur hefur einnig verið haldinn í stýrihópnum sem ber heildarábyrgð á verkefninu.



Á næstunni verða íbúakosningar um tillögur að framkvæmdum á Kjalarnesi sem bærast á hugmyndavefinn Betri Reykjavík. Fjölmargar góðar hugmyndir bærast og er nú unnið að frágangi á listanum yfir þau atriði sem fara í kosningu meðal íbúa. Hverfisráðið hvetur alla Kjalnesinga til að taka þátt í kosningunni og hafa þannig áhrif á umhverfið sem við búum í.

Sigríður Pétursdóttir og Eldey Huld Jónsdóttir

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR



**Fyrir fermingar-
veisluna, brúðkaupið
eða afmælið**

Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-
borðinu.

Allar nánari upplýsingar



Arnarholt á Kjalarnesi

Arnarholt á Kjalarnesi var afhent nýjum eigendum þann 15. mars sl. Kaupandi er fasteignafélagið Fylkir ehf sem er gamalgróið félag stofnað á fyrri hluta síðustu aldar. Arnarholt var á sínum tíma stór vinnustaður, nátengdur uppbyggingu Grundarhverfis og afar mikilvægur vinnuveitandi fyrir ört vaxandi sveitarfélag. Arnarholt er einnig ná tengt atvinnusögu svæðisins. Hér byggði Thor Jensen mikil gripahús árið 1927 þar sem hann rak búskap um nokkurn tíma. Þegar herinn birtist þann 10. maí 1940 höfðu þessi húsakynni staðið auð

í samtali Kjalnesings við Eirík Óla Árnason eigenda Fylkis ehf og núverandi eiganda Arnarholts er verið að reyfa fjölmargar hugmyndir varðandi nýtingu á þessu húsnæði. Skoðaðar hafa verið hugmyndir tengdar ferða- og gistiþjónustu, heilbrigðisþjónustu o. fl. Endurbætur á starfsmannaaðstöðunni eru hafnar og á næstu vikum verða þar útbúnar íbúðir og herbergi sem hvort sem er geta nýst til útleigu eða fyrir starfsfólk tengd þeirri starfsemi sem hefst þarna.



um nokkurn tíma og fékk herinn afnot af þeim fyrir bakistöð næstu árin. Árið 1943 kaupir Reykjavíkurborg staðinn fyrst undir þurfamannaheimili en síðan var þar rekin geðdeild til ársins 2005.

Húsakosturinn hefur verið til sölu síðustu en þar til í lok síðasta árs hafði ekkert áhugavert tilboð borist.

Eiríkur vissi af áhuga Kjalnesinga um að hafin yrði starfsemi í þessum húsum sem þá á ný gæti skapað atvinnu fyrir íbúa á Kjalarnesi. Nefndi hann að nýjir eigendur vildu gjarnan heyra um hugmyndir Kjalnesinga og útilokaði síður en svo einhvers konar samstarf.

Varðandi hugsanleg verkefni hefur verið rætt við SÁÁ og Samhjálp. Þá hefur húsnæðið verið skoðað sem aðstaða fyrir flóttamenn og að nýta svæðið undir ferða- og gistiþjónustu. Kjalnesingur hefur heyrt að kaupverð hafi verið um kr. 120 millj.

Hér er vonandi kominn aðili sem hefur getu til að byggja upp öfluga atvinnustarfsemi í Arnarholti og við hökkum til að fylgjast með þessari uppbyggingu. ÁH



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605



Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson

Ökukennari

Búagrund 1, Kjalarnesi

s. 892 7480

okunam@okunam.is

www.okunam.is

Fermingar í Reynivallaprestakalli

Brautarholtskirkja 25. apríl kl. 11:00

Arnar Jóhann Þórðarson, Esjugrund 27

Bergþór Gylfi Brynjarsson, Gili

Erla Björg Björnsdóttir, Brautarholti 11

Gilbert Þór Jökulsson, Jörfagrund 38

Jóhann Gylfi Þorbjörnsson, Brautarholti 2

Jóhanna Björt Grétarsdóttir, Kirkjulandi

Júlíana Borg Stefánsdóttir, Esjugrund 42



Brautarholtskirkja 28. apríl kl. 11:00

Andrea Dís Steinarsdóttir, Búagrund 7

Bjarni Þór Kristinsson, Jörfagrund 10

Ragnheiður Ó Steingrímsdóttir, Esjugrund 21

Sigurður Aron Bl. Eggertsson, Búagrund 8

Thor Möller Símonarson, Vindheimum

Reynivallakirkja 5. maí kl. 14:00

Anna Lís Ólafsdóttir, Þrándarstöðum

Kári Haraldsson, Lækjarbraut 2

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR



Fyrir fermingar-
veisluna, brúð-
kaupið eða af-
mælið

Fólkvangur er heillandi
samkomustaður í fjöru-
borðinu.

Allar nánari
upplýsingar og
bókanir hjá
Soffiu Sóleyju
í síma 662 5566.



Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju

Í vetur höfum við hists annan hvern sunnudag í kirkjunni okkar. Barnamessurnar eru stuttar og fullar af söng, gleði og biblíusögum. Það er gaman að byrja sunnudagana saman á léttari og þæginnlegri stund og ganga svo brosandi



inn í daginn, full af gleði og þakklæti. Nú eru páskafríðir að koma og fermingar að byrja og því fara barnamessurnar í frí. Við hittumst svo aftur næsta haust. Þá bætast kannski ný andlit í hópinn – allir eru velkomnir.



Með þökk fyrir góða samveru í vetur,

Rannveig Iðunn,
Kristín Þórunn,
Brynhildur og
Palli Helga

Óskalist

er nýja nafnið okkar

Þeir sem hafa fylgst með okkur á heimasíðunni okkar og á facebook vita nú eflaust að við tókum þá stóru ákvörðun að skipta um nafn á nýja árinu. Front-list heitir nú Óskalist. Aðal ástæða þess að við tókum þessa ákvörðun var sú að okkur langaði að hafa nafnið persónulegra. Okkur finnst því nafnið Ósk eiga vel við þar sem við berum báðar það nafn, auk þess hefur orðið fallega merkingu sem tengist vel okkar sköpun. Önnur ástæða er sú að það er annað fyrirtæki sem ber mjög líkt nafn og Front og hefur það stundum valdið okkur óþægindum.

Við erum að vinna að nýrri heimasíðu og höfum nú þegar breytt Facebooksíðunni. Nýja lógóið okkar er tilbúið og má sjá það hér á meðfylgjandi mynd. Nýja heimasíðu-slóðin er: www.oskalist.is og hægt er að finna okkur á Facebook með að slá inn: www.facebook.com/oskalist endilega gerist vinir okkar þar.

Galleríið okkar fær líka nýtt nafn þ.e. gallerí Óskalist. Við bjóðum ykkur velkomin að líta við. Þar er alltaf eitthvað nýtt að sjá og engir tveir hlutir eins. Páskarnir eru nú framundan og af því tilefni erum við með sæta páskaunga til sölu sem gleðja og kæta. Hlökkum til að sjá sem flesta með hækkanði sól og vor í lofti.

Kveðja, Valdís Ósk og Karen Ósk

Gallerí Óskalist

Búagrund 13

sími:5666-035



Dags - námskeið

Í höfuð og hálsnuddi, ásamt lithimnugreiningu.

Námskeið í háls- og höfuðnuddi til heimanota verður haldið laugardaginn 13. apríl og laugardaginn 4. maí nk. Kl. 9-17, í Grundarhverfi, Kjalarnesi (20 mín. Akstur frá Ártúni).

Leiðbeint verður, hvernig ná má fram slökun og vellíðan, með nuddi á háls og höfuð. Kynnt verður greining á lithimnu augans og boðið upp á persónulega lithimnugreiningu með myndatöku, fyrir þá sem óska.

Innifalið er: Námskeiðsgögn, ásamt ilmkjarna nuddolíu. Morgun- og síðdegis hressing , ásamt léttum hádegisverði.

Upplagt að taka með sér maka, ættingja, vin eða vinkonu, til að njóta dagsins með.

Ath. Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

Leiðbeinendur: Guðlaug H. Kristjánsdóttir sjúkraliði og nuddari og Jónína K. Berg aromatherapisti, lithimnufræðingur og kennari.

Upplýsingar og bókanir hjá Guðlaugu í síma 867 9940, eftir kl. 15:00

Hreinsistöðin fyrir fráveitukerfi Grundarhverfis

Kjalnesingur leitaði upplýsinga um hver staða þessa verkefnis er. Nokkur ár eru síðan sjáanlegum framkvæmdum lauk en þó virðast nokkur ár í að hreinsistöðin verði tekin í notkun. Eftirfarandi upplýsingar bárust frá Orkuveitunni. "Lokið er við lagnakerfið ef undan er skilið útræsi frá ströndinni. Eftir er að koma fyrir dælum og stjórnbúnað i dælustöð á móts við Víkurgrund. Þá er einnig eftir að setja upp hreinsi og dælubúnað í hreinsistöðinni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við lokaáfangaverksins hefjist á árinu 2015 og verði að fullu lokið síðari hluta árs 2016 og kerfið þá tekið í notkun. Frestun á þessum framkvæmdum helst í hendur við samskonar frestun á að ljúka fráveitufamkvæmdum á Akranesi og í Borgarbyggð. Það er hluti aðgerðaáætlunar OR og eigenda, sem gripið var til vorið 2011 til að rétta við fjárhag fyrirtækisins."



Viðtalstími hverfisráðs Kjalarness er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 18-19 í Fólkvangi.

Næsti viðtalstími verður fimmtudaginn 4. apríl.

Í hverjum viðtalstíma eru tveir fulltrúar Kjalnesinga í hverfisráði til viðtals um málefni svæðisins og það sem brennur á íbúum og snertir þjónustu borgarinnar, skipulag eða umhverfismál, svo dæmi séu tekin.

Á vef Reykjavíkurborgar segir eftirfarandi um hverfisráð:

"Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis. Þau eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu. Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsöðun framkvæmda í hverfinu."

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru- borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.



ÁGÆTU KJALNESINGAR

*Takk fyrir
að flokka!*



PAPPÍR
ER EKKI RUSL



Allt um breytta sorphirðu
í hverfinu þínu er að finna á

pappirerekkirust.is



Reykjavíkurborg

SORPA

Kompudagur í Fólkvangi

Kaffihúsa- og markaðastemming í Fólkvangi laugardaginn 20. apríl frá kl 13-17.

Kvenfélagið Esja sér um veitingasölu.

Söluborðið kostar 1000 kr.



Básapantanir hjá í Írisi

Fjólu í síma 868-1573 eða með tölvupósti á irisfjola@simnet.is

Opnunartími Klébergslaugar um páskana:

28. mars skírdagur:

Opið 11:00 – 15:00.

29. mars föstudagurinn langi:

Lokað.

31. mars páskadagur.

Lokað.

1. apríl annar í páskum.

Opið 11:00 – 15:00



Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is – www.renta.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Munið breyttan opnunartíma fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir

Á Kjalarnesi er móttakan í Áhaldahúsinu
opin alla miðvikudaga kl. 15:00 - 19:00

Hvernig á að flokka?

Almenna reglan er að drykkjarvöruumbúðir, fyrir utan þær umbúðir sem innihalda vín, þurfa að hafa innihaldið vatn með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar, til að vera skilagjaldsskyldar. Um er að ræða tilbúna drykkjarvöru sem hægt er að drekka beint úr viðkomandi umbúðum.

Eftirtaldar umbúðir eru skilgreindar sem skilagjaldsskyldar umbúðir:

- Ál- og stáldósir fyrir gosdrykki og bjór 33cl og 50 cl.
- Plastflöskur fyrir gosdrykki 50cl.—2 lítra.
- Dósir, plast— og glerflöskur fyrir orkudrykki.
- Dósir, plast— og glerflöskur fyrir tilbúna ávaxtasafa.

- Glerflöskur fyrir gosdrykki frá Víðfelli (allar einnota nuna)
- Glerflöskur fyrir öl (bjór).
- Glerflöskur fyrir áfengi, bæði léttvín og sterk vín.

Ekki er skilagjald á umbúðum undan ávaxtaþykkni, mjólkurdrykkjum, matarolíu, tómatsósu eða þvottalegi.

Umbúðum má skila með öðrum plastumbúðum, t.d. í græna grenndargáma eða í steinefnagám ef um glerflöskur er að ræða.

Frekari upplýsingar um hvaða umbúðir bera skilagjald, sem og gjaldskrá, má fá hjá Endurvinnslunni hf.

Sjá endurvinnslan.is

Hvað verður um efnið?

Endurvinnslan hf. tekur við skilagjaldskyldum umbúðum sem berast til SORPU og baggar áldósir og plastumbúðir í pressum. Umbúðirnar eru svo fluttar erlendis til endurvinnslu. Framleiðsla úr endurunnum áldósum eru nýjar

áldósir og úr gömlu plastflöskunum er framleidd polyester ull— efni sem nýtist í fataiðnaði, teppaframleiðslu o.fl. Flís-föt eru þekktasta afurðin. Glerflöskur eru muldar og nýtast sem fyllingarefni hérlendis.



Kjalnesingar!

Fylgist með “á döfinni” inni á www.kjalarnes.is þar sem finna má ýmsa viðburði okkar KJALNESINGA.

Pípulagnabjónusta

Viðhald - Viðgerðir - Breytingar

Maggi pípari,

S: 898-8870

Kompudagur í Fólkvangi

Kaffihúsa- og markaðastemming í Fólkvangi laugardaginn 20. apríl frá kl 13-17. Kvenfélagið Esja sér um veitingasölu.

Söluborðið kostar 1000 kr

Básapantanir hjá í Írisi Fjólu í síma 868-1573

Viðtalstími hverfisráðs Kjalarness er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 18-19 í Fólkvangi

Næsti viðtalstími verður fimmtudaginn 4. apríl.

Hverfisráð Kjalarness

HELGIHALD Í BRAUTARHOLTSSÓKN

24. mars, kl.11:00. Pálmasunnudagur, helgistund í Brautarholtskirkju, Vísitasía biskups Íslands

29. mars, kl. 11:00. Föstudagurinn langi, messa í Brautarholtskirkju.

31. mars, kl. 11:00. Páskadagur, hátíðarguðspjónusta í Brautarholtskirkju

25. apríl, kl. 11:00. Sumardagurinn fyrsti, guðspjónusta í Brautarholtskirkju, **ferming**.

22. apríl, kl. 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju, **ferming**.

19. maí, kl. 11:00. Hvítasunnudagur, guðspjónusta í Brautarholtskirkju



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

24. mars, guðspjónusta kl. 14, **vísitasía biskups**

31. mars, hátíðarguðspjónusta kl. 14

5. maí, guðspjónusta kl. 14, **ferming**.

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur